

Jón Reykdal við eitt verka sinna.

Morgunblaðið/Júlíus

## Meginstefið byggt á hughrifum

— segir Jón Reykdal, sem opnar stærstu einkasýningu sína til þessa á Kjarvalsstöðum í dag


„Meginstefið í þessum myndum er landslag, ekki frá neinum sérstökum stöðum sem fólk getur þekkt sig á, heldur aðallega byggt á hughrifum,“ sagði Jón Reykdal listmálari, er blaðamaður átti við hann stutt spjall á Kjarvalsstöðum á dögunum. Þar var Jón að leggja síðustu hönd á að setja upp stærstu einkasýningu sína til þessa, en hún verður opnuð í dag, laugardag, kl.14.

„Ég sýni sextíu og fjögur verk, unnin í olíu og þurrkrít á síðustu tveimur árum. Þessar myndir eru unnar á vinnustofu minni en

áhrifin eru að sjálfsögðu úr ýms-um áttum. Á svona sýningu litur maður um öxl.“

Síðasta einkasýning Jóns var í Norræna húsinu og á henni voru bæði grafíkmyndir og málverk. „Það er ágætt að hvíla sig á grafíkinni um tíma,“ sagði Jón. „Ég hef fengist mest við grafíkina síðustu árin, en í grafíkinni er bara hægt að vinna örfá verk á ári og langt frá því að manni takist að útfæra allar hugmyndirnar sem fæðast. Í málverkinu getur maður unnið hraðar og það hefur verið skemmtileg tilbreyting að fást við það.“

# Ertu harðhaus?



cm  
Volvo 340 87

Colt 88

Cherry 89

Lancer 89

Golf 93

Corolla 93

## Í sumum bílum getur þú þurft á því að halda!

Rými er mjög misjafnt í bílum, jafnvel þó þeir eigi að heita af svipaðri stærð. Mikilsvert atriði er að nóg höfuðrými sé í aftursæti fyrir fullvaxta fólk, en á það vill skorta í sumum gerðum bíla. Berum saman tölur um höfuðrými í nokkrum tegundum áþekkra bíla:

	Höfuðrými í aftursæti
MAZDA 323 Sedan 4 dyra	94 cm
Volkswagen Golf 3 dyra	93 —
Datsun Cherry 5 dyra	89 —
Toyota Corolla 5 dyra	93 —
Volvo 340 5 dyra	87 —
Mitsubishi Lancer 4 dyra	89 —
Mitsubishi Colt 5 dyra	88 —



MAZDA 323

Hatchback 1300 LX 3 dyra. Verð 369.000


Þarna sést svart á hvítu að hinn nýi MAZDA 323 er rúmbestur allra þessara bíla, þannig að vel fer líka um þá hávöxnu. Fordastu því hausverk, berðu ekki bara saman bæklingana þegar þú velur bíl, komdu, mætaðu og reynsluaktu MAZDA 323. Verðið mun koma þér þægilega á óvart, það setur þig svo sannarlega ekki á hausinn.

MEST FYRIR PENINGANA

# MAZDA

## BÍLABORG HF.

Smíðshöfða 23 sími 812 99



Ragnar Kjartansson við eitt verka sinna.

## Ragnar Kjartansson sýnir í Ólafsvík

RAGNAR Kjartansson myndhöggvari heldur nú um þessar mundir sýningu á vatnslitamyndum á Kaldalek í Ólafsvík.

Nokkrar konur í plássinu hafa komið upp kaffihúsi með þessu nafni á síðmannagardinum þar og

er þetta þriðja sýningin sem þar er haldin í sumar. Þetta er jafnframt þriðja sýningin sem haldin hefur verið á Ólafsvík.

20 myndir eru á sýningunni sem var opnuð um síðustu helgi. Hún stendur yfir næstu tvær vikur í viðbót.



# Morgunblaðið

Góðan daginn!